

Ályktun stjórnar landssamtakanna Geðhjálpar vegna niðurgreiðslu sálfræðimeðferðar

Í vor samþykkti Alþingi breytingar að lögum um sjúkratryggingar sem tóku til niðurgreiðslu sálfræðimeðferðar. Þetta er fagnaðarefni en að sama skapi vonbrigði að ekkert fjármagn fylgdi samþykkt Alþingis. Nú hefur komið fram að fjárlaganefnd Alþingis hafi lagt til að 100 m.kr. verði veitt árið 2021 í að niðurgreiða sálfræðimeðferð í gegnum sjúkratryggingar Íslands. Þetta eru veruleg vonbrigði og sýnir lítinn skilning á þeim geðrænu áskorunum sem fjölmargir standa frammi fyrir ekki síst núna á tímum efnahagsþrenginga og mikillar óvissu.

Upphæðin dugir fyrir um 6.000 sálfræðitímum sem er langt frá því að dekkja þá þörf sem fyrir er. Það má líka benda Alþingi á þá staðreynd að 100 m.kr. niðurgreiðsla á sálfræðimeðferð er nettó kostnaður fyrir ríkissjóð í kringum 70 m.kr. sem verður að teljast harla lítið. Þess má einnig geta að kostnaður Geðhjálpar vegna ráðgjafar, sem samtökin veita, er um 10 m.kr. á ári. Það setur þessa tölu sem Alþingi er að vinna með í samhengi.

Geðhjálp hvetur Alþingi til að leggja fólki með geðrænan vanda lið með því að tryggja aðgengi einstaklinga að sálfræðipjónustu og gera öllum einstaklingum kleift að nálgast hana, óháð efnahag og aðstæðum. Með því að samþykkja þetta óbreytt verður sálfræðimeðferð áfram einungis ætluð þeim efnameiri. Það yrðu mikil vonbrigði.

F.h. stjórnar Geðhjálpar,

Með kveðju/with regards,

Setjum geðheilsu í forgang! <https://39.is>

Grímur Atlason
framkvæmdastjóri/general manager